

Vinnuslys í skólum

Sniðmát - yfirlit

- | | |
|------------------------------------|---|
| 1. Upplýsingar | Vinnuslys í skólum. |
| 2. Atvikaskráning | Leiðarvísir og atvikaskráningarblað |
| 3. Parfagreining | Greining atvika, viðbrögð og forvarnir fyrir stjórnendur |
| 4. Áhættumat | Undirbúningur áhættumats vegna vinnuslysa fyrir stjórnendur |
| 5. Viðbragðsáætlun | Viðbragðsáætlun, úrvinnsla og eftirfylgni fyrir starfsfólk |
| 6. Tilkynningar | Hverjum ber alltaf að tilkynna vinnuslys? |

1. Hvað flokkast sem vinnuslys í skólum

[Vinnuslys](#) er skyndilegur, óvæntur atburður á vinnustað sem veldur andlegum og/eða líkamlegum áverkum eins eða fleiri einstaklinga. Vinnuslys í skólum geta verið margskonar en í [lögum um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 frá 1980](#) stendur í XI kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir að atvinnurekanda/stjórnanda beri að tryggja öryggi, aðbúnað og heilbrigði starfsfólks, gera skriflega áætlun þar um byggða á áhættumati og forvarnaráætlun. Vinnuslys í skólum geta orðið við vinnu, á skólalóð, á beinni leið í eða úr vinnu en einnig í samskiptum. Kennari sem gengur á milli nemenda sem kljást getur lent í vinnuslysi en einnig geta aðrir verið valdir að vinnuslysi s.s. nemendur, samstarfsfólk og forjáraðilar eða einstaklingar tengdir nemendum. Athygli er vakin á því að nauðsynlegt er að hver skóli aðlagi þetta sniðmát að sínu skólastigi, nemendagerð og þeirri vinnu sem fram fer.

2. Atvikaskráning

Mikilvægt er að kortleggja þau atvik í skólum sem teljast til vinnuslysa, óhappa og næstum slysa svo læra megi af þeim og fara í fyrirbyggjandi aðgerðir. Hér má finna skráningareyðublað þar sem vinnuslys er skráð kerfisbundið og metið (þetta blað má einfalda og/eða fjölfalda og dreifa til starfsfólks svo skráning verði almenn), þannig má styrkja öryggismenningu vinnustaðarins.

Leiðbeiningar með skráningu

- Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir atvikaskráningu en getur falið öðrum að halda utanum hana. Samræma þarf í hvaða tilfellum á að tilkynna skólastjórnanda um vinnuslys. Skrá þarf öll atvik líka næstum slysa og þegar starfsmaður er í vafa um hvort atvikið skiptir máli. Gott er að hafa vísan stað fyrir skráningar (tölvupóstfang, innra net) sem svo eru áhættumetnar af öryggistrúnaðarmanni/öryggisnefnd/skólastjórnanda í samvinnu við þolanda. Áhættuflokkun þarf að liggja fyrir.
Öll atvik skulu skráð. Veita þarf andlegum áverkum sérstaka athygli.
- Öryggistrúnaðarmaður/trúnaðarmaður aðstoðar við skráningu með þeim sem lend-a/ir í því ef þörf er á.
- Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir því að skráningar eru geymdar á vísu stað. Hann getur falið öryggisnefnd/öryggistrúnaðarmanni utanumhald en ábyrgðin er alltaf hans.
- Skólastjórnandi er ábyrgur fyrir kynningu atvikaskráningar til starfsfólks en getur falið öðrum verkið.



Atvikaskráning

Dagsetning:

Útfyllt af:

Lýstu atvikinu

- Hvað gerðist?
- Hvenær gerðist það?
- Hvar gerðist það?
- Hverjar voru kringumstæður?
- Hefur eitthvað þessu líkt gerst áður?

Telurðu þetta:

- Slys
- Óhapp
- Næstum slys

Lýstu viðbrögðum við atvikinu – gæti verið trúnaðarmál

- Hverjir komu að slysinu, óhappinu?
- Hvernig brugðust hlutaðeigandi við?
- Hvernig brugðust starfsfélagar/vitni við?
- Hvaða hættu hefði skapast af aðgerðaleyzi?

Lýstu því sem vel var gert í viðbrögðum við atvikinu

- Hver brást sérstaklega vel við?
- Hvað sagði sá eða sú?

Hverjum var tilkynnt um slysið og með hvaða hætti?**Er búið að tilkynna slysið**

- Öryggistrúnaðarmanni?
- Öryggisnefnd?
- yfirmanni /skólastjóra, nafn: _____
- lögreglu
- Vinnueftirlitinu
- Heilbrigðiseftirlitinu
- Sjúkratryggingum Íslands
- Öðrum? Hverjum: _____

Lýstu því hvaða lærdóm má draga af viðbrögðunum

- Hvað eigum við að forðast?
- Hvað eigum við að gera meira af?
- Á að upplýsa starfsfólk?
- Er eitthvað sem þarf að laga svo koma meg í veg fyrir að svona slys endurtaki sig?
- Þarf að virkja/endurskoða forvarnaráætlun?



3. Þarfagreining fyrir áhættumat

Leiðarvísir fyrir skólastjórnendur og öryggistrúnaðarmenn

Með þessum leiðarvísi getur skólastjórnandi, öryggistrúnaðarmaður og/eða öryggisnefnd skólans kannað hvort leiðbeiningar í skólanum séu fullnægjandi og ef ekki komið með ábendingar um úrbætur.

Fyllt út af: _____ Dagsetning: _____

Spurningar – svar: Já/nei	Þetta þurfum við að gera:
Er búið að skilgreina í samvinnu við starfsfólk hvað felst í vinnuslysum?	
Er til áætlun um forvarnir?	
Er til viðbragðsáætlun vegna vinnuslysa?	
Er skýrt hverjir bera ábyrgð á forvörnum, viðbragðsáætlun og úrvinnslu þeirra atvika sem upp koma?	
Eru verkferlar skýrir þegar tilkynna þarf atvik til Vinnueftirlitsins, heilbrigðiseftirlits, lögreglu, Sjúkratrygginga Íslands eða tryggingafélags?	
Er til kynningarefni og er fjallað reglulega á starfsmannafundum um hættuna á vinnuslysum þannig að starfsfólk þekkir hættur og viðbragðsáætlanir?	
Er móttaka nýrra starfsmanna í föstum skorðum? Fá þeir kynningu á viðbragðsáætlunum, ferlum og leiðbeiningum?	
Er til atvikaskrá þar sem vinnuslys eru skráð, greind og af þeim dreginn lærdómur.	
Hafa viðbragðsáætlanir, leiðbeiningar og ferlar verið endurskoðaðir nýlega?	
Er skilgreindur ábyrgðarmaður á viðbragðsáætlunum?	

Samkvæmt vinnuverndarlögum 46/1980 ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað allar upplýsingar má finna á vef Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is. Á sama vef má finna [rafrænt gagnvirkt áhættumat](#) en það er því miður ekki enn sérhannað fyrir skóla.



4. Mat á vinnuslysum – undirbúningur áhættumats

Skólastjórnandi skal meta hættuna á vinnuslysum í tengslum við það starf sem fram fer. Mælt er með því að áhættumatið byggi á samtali við starfsfólk. Þannig fæst yfirsýn yfir það hvar og hvenær hætta er á slysum, og hvort ástæða sé til að breyta leiðbeiningum, viðbragðsáætlunum eða öðrum verkferlum skólans.

Þessi leiðarvísir er verkfæri sem nota má í samtölum. Bæði er hægt að svara honum í minni hópum starfsfólks og nota hann til að opna umræður, t.a.m. á starfsmannafundum.

Vinnsla:

Veljið ritara sem punktar hjá sér. Ræðið fyrst spurningarnar í kössunum fjórum. Í kjölfar þeirrar umræðu getið þið svo ákveðið hvað eigi að gera öðruvísi héðan í frá til að minnka hættuna á vinnuslysum.

Áhættumat skóla

Hvers konar vinnuslysum er hætta á?	Hvar og hvenær er hættan mest? T.d. fallhætta, lausir munir, samskipti o.s.frv.
Hve oft og hversu alvarleg vinnuslys höfum við upplifað?	Hvaða vinnuslys gætu verið hættumest
Hvaða vinnuslys mætti flokka sem óhapp/slysni ?	Hvaða vinnuslys mætti flokka sem næstum slys ?

Niðurstaða:

Í ljósi umræðunnar um hættuna ættum við héðan í frá að gera eftirfarandi:

Rauð atvik eru tilkynnt og unnin í samvinnu við skólastjórnendur

Gul óhöpp/slysni eru skráð í atvikaskrá

Græn næstum slys skráir starfsmaður hjá sér



Alvarlegir áverkar teljast:

- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffærum, drukknun, umferðaslys.
- Höfuðhögg, heilahristingur, brot, umtalsverð blæðing, bjúgur eða annar alvarlegur áverki.
- Bruni, ef meira en 8-10% af líkamanum eru brenndur og sár eru djúp.
- Öll beinbrot, sama hversu lítil þau virðast vera. Komi í ljós að grunur um beinbrot sé ekki réttur og starfsmaður aðeins illa tognður, er óþarfi að fá lögregluskýrslu.
- Tannáverkar, alla áverka á tönnum þar sem spurning er um að tennur hafi skaddast, dottið úr, brotnað eða losnað.
- Augnáverkar, alla alvarlega augnáverka t.d. skerðingu sjónar.
- Klemmuáverkar þar sem fingur fer af eða hangir á húðþjötlu svo dæmi sé tekið.

Jafnframt skal tilkynna um slys til Sjúkratrygginga Íslands svo fljótt sem auðið er. Skólastjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna og öryggistrúnaðarmaður fylgir því eftir að skólastjórnandi tilkynni um slys.

Huga þarf vel að andlegu ástandi þess starfsmanns sem fyrir verður og meta alvarleika atviksins vel. Einnig þarf að huga að vitnum.

Atvikaskráning er nauðsynleg m.a. vegna sönnunargildis og svo læra megi af atvikum. Almennt ber að vista öll gögn í tengslum við vinnuslys bæði með gögnum viðkomandi starfsmanns í starfsmannaskráningu og í almennri atvikaskrá í skjalakerfi. Ef slys er vegna ofbeldis t.d. af hálfu nemanda þarf einnig að vista gögnin í skrá nemandans.

Mikilvægt er að tilkynna alltaf skriflega um slys til:

- Vinnuveitanda
- Öryggistrúnaðarmanns / öryggisnefndar
- Lögreglu - óska þarf eftir lögregluskýrslu ef slys er alvarlegt og ef líkur eru á að slys valdi varanlegum eða alvarlegum afleiðingum t.d. ef grunur er um beinbrot/tannbrot.
- Vinnueftirlitsins
- Sjúkratrygginga Íslands
- Heilbrigðiseftirlits sveitarfélagsins ef slysið er rakið til aðbúnaðar í skóla eða á skólalóð.
- Tryggingafélags vinnuveitanda og/eða þess sem varð fyrir slysinu.

Geyma þarf afrit af öllum tilkynningunum.

Eftirfylgni og lærdómur

1-2 vikum eftir atvikið ber skólastjórnandi ábyrgð á að atvikið sé rætt á fundi öryggisnefndar eða skólastjórnanda og öryggistrúnaðarmanns ef öryggisnefnd er ekki til staðar. Öryggistrúnaðarmaður fylgir því eftir.

Ákveðið er hvernig málið verður unnið áfram eða hvort því sé lokið.

Viðbragðsáætlunin verður að yfirfara og uppfæra a.m.k. árlega.

Viðbragðsáætlunin var síðast uppfærð (dags. og ár) _____ af

_____ (Nafn og undirskrift)

Aðalábyrgð á viðbragðsáætluninni ber skólastjórnandi sem bæði uppfærir breytingar og kynnir þær starfsfólki.



6. Tilkynningar, vottorð, skýrsla

Ef starfsmaður finnur fyrir eymslum eða hefur áverka eftir vinnuslys er mikilvægt að:

1. Hann fari á heilsugæslu/bráðamóttöku og fái **áverkavottorð** samdægurs.
2. Skólastjórnandi **tilkynni vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins** og visti tilkynninguna.
 - Allar upplýsingar má finna á slóðinni: <https://www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/vinnuslys/>
3. Skólastjórnandi **tilkynni vinnuslys til Sjúkratrygginga Íslands**.
 - Mikilvægt ef líkur eru á að líkamlegt ástand eða stoðkerfi versni eftir einhvern tíma eins og stundum gerist eftir hnykk eða hjask.
 - Senda þarf:
 - Tilkynningu um slys
 - Áverkavottorð
 - Kvittanir/reikninga vegna útlagðs sjúkrakostnaðar
 - Vottorð frá sýslumanni ef um banaslys er að ræða.
 - Allar upplýsingar má finna á slóðinni: <https://www.sjukra.is/slys/slysatryggingar/til-hvada-slysa-taka-tryggingarnar/vinnuslys/>
4. Skólastjórnandi tilkynni tryggingafélagi vinnuveitanda ef vinnuveitandi er tryggður.
5. Starfsmaður tilkynni sínu tryggingafélagi.
6. Skólastjórnandi tilkynni heilbrigðiseftirliti ef slys er rakið til aðbúnaðar í skóla eða á skólalóð.
7. Ef hringja þarf í 112 vegna alvarlegs vinnuslyss fer af stað ákveðið ferli þar sem bæði sjúkrabíll og lögreglubíll koma á staðinn. Óska þarf eftir að lögregla skrifi skýrslu og rannsaki mál.
 - Mikilvægt er að fá **afrit af skýrslunni** og geyma ef upp koma vafamál síðar.

Hlutverk öryggistrúnaðarmanns er að fylgja eftir að skólastjórnandi hafi sent allar tilkynningar.

Gögn – gátlisti

Áverkavottorð frá heilsugæslu/bráðamóttöku	
Tilkynna vinnuslys, Vinnueftirlitið	
Tilkynna vinnuslys, Sjúkratryggingar	
Tilkynning til heilbrigðiseftirlits í sérstök tilvikum	
Afrit af lögregluskýrslu	

